

Byltingarárin 1945–1970

Eftirfarandi ljóð er eftir **Jón Óskar** sem er eitt af atómskáldunum.
Lestu ljóðið vandlega og svaraðu síðan spurningunum sem á eftir koma.

Ísland í september 1951

Kyrrlát er septembernóttin
eins og hún vilji ekki trufla þig
svo að þú heyrir fótatak vinu þinnar
á malbikinu
Kyrrlát er nóttin
og því heyrir þú
fótatak hermannanna
Og þó að hvessti
mundirðu heyra það gegnum storminn
þú mundir heyra járnúð stígvélin
smella á malbikinu
Einn stendur þú og hlustar
Hví eru þeir hér
Fótatak vinu þinnar heyrir þú ekki
því að framandi stríðsmenn
hafa rofið kyrrð næturinnar

Verkefni:

- Útskýrðu form ljóðsins í fáum orðum.
- Hvert er yrkisefni ljóðsins? Tengdu það tímabilinu þegar ljóðið var ort (sjá titil ljóðs).
- Jón Óskar er þekktur fyrir fremur sérkennileg stílbrögð. Ýmis stílbrögð koma fyrir í þessu ljóði. Hver eru þau? Útskýrðu vel.